

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Hitaveitu Hafnarhrepps, Hitaveitu Seyðisfjarðar og Rafveitu Siglufjarðar.

Í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 1982 um „að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu“ og samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. ágúst, þar sem ákveðið var að „tryggður verði áfangi í jöfnun húshitunarkostnaðar frá 1. október n. k.“ eru hér með auglýstar eftirfarandi breytingar á gjaldskrá ofantalinna orku-fyrirtækja:

1. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66, 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða frá og með 1. október 1982:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 534, frá 18. ágúst 1982.

Taxti A5. Markmæling. Orkugjald lækki úr 0,37 kr/kwh í	0,30 kr/kwh
Taxti C1. Hitun—íbúðarhúsnæðis. Orkugjald lækki úr 0,50 kr/kwh í	0,41 kr/kwh
Taxti C2. Hitun—íbúðarhúsnæðis. Orkugjald lækki úr 0,34 kr/kwh í	0,29 kr/kwh

Aðrir gjaldskrárlíðir verða óbreyttir.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 519, frá 18. ágúst 1982.

B. Heimili. Markmæling.

Orkugjald af allri notkun lækki úr 0,37 kr/kwh í	0,30 kr/kwh
--	-------------

D. Húshitun. Íbúðarhúsnæði.

Taxti 4.1. Orkugjald lækki úr 1,37 kr/kwh í	1,28 kr/kwh
Taxti 4.2. Orkugjald lækki úr 1,07 kr/kwh í	0,98 kr/kwh
Taxti 4.3. Orkugjald lækki úr 0,50 kr/kwh í	0,41 kr/kwh
Taxti 4.4. Markmæling. Orkugjald lækki úr 0,22 kr/kwh í	0,13 kr/kwh
Taxti 4.6. Næturhitun. Orkugjald lækki úr 0,28 kr/kwh í	0,22 kr/kwh

Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárlíðir verða óbreyttir.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 496, frá 18. ágúst 1982.

Gjald samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins fyrir íbúðarhúsnæði lækki úr kr. 0,45 samkv. orkumæli fyrir hverja kwh í kr. 0,36.

Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.

Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárlíðir verða óbreyttir.

2. Rafveita Siglufjarðar.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá rafveitunnar nr. 521, 18. ágúst 1982, frá og með 1. október 1982:

Taxti 4.1, orka til húshitunar, lækki úr 0,50 kr/kwh í kr. 0,47/kwh
Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

3. Hitaveita Hafnarhrepps og Hitaveita Seyðisfjarðar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá hitaveitnanna frá og með 1. október 1982:

Gjaldskrá Hitaveitu Hafnarhrepps, nr. 508, 18. ágúst 1982.

Gjöld samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins samkvæmt orkumæli lækki úr 0,37 kr/kwh í kr. 0,31 kr/kwh og samkvæmt vatnsmæli úr kr. 4,67 fyrir hvern rúmmetra vatns í kr. 3,87.

Gjöld samkvæmt 4. gr.

	kr.
a) fyrir mæla til og með 3/4" lækki úr kr. 151,30 í	125,40
b) fyrir mæla 1"—2" lækki úr kr. 304,25 í	252,15
c) fyrir mæla stærrí en 2" lækki úr kr. 608,50 í	504,00

Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.
Gjöld fyrir húshitun annars en íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verða óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Seyðisfjarðar, nr. 507, 18. ágúst 1982.

Gjöld samkv. 1. mgr. 3. gr. fyrir afnot heita vatnsins samkv. orkumæli lækki úr 0,44 kr/kwh í kr. 0,36 kr/kwh.

Lækkun þessi gildir eingöngu fyrir íbúðarhúsnæði.

Gjöld fyrir húshitun annars en í íbúðarhúsnæðis breytast ekki.

Aðrir gjaldskrárliðir verða óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 29. september 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.